

Inngangur

Hugmyndin með verkefninu er að fá breiðan faghóp til að koma að útfærslu fyrsta áfanga göngugötuhluta Laugavegar og Skólavörðustígs. Valdir verða þrjú hópar sem hver um sig mun hanna þrjá áfanga af níu í samstarfi við samræmingarhönnuð verkefnisins.

Fyrir liggur forhönnun Laugavegar en þar verður einkum stuðst við hugmyndir um yfirborð göturýmis og ítarlega greiningarvinnu. Búið er að greina vel aðgengismál að byggingum og byggt verður á hugmyndum er snúa að lýsingu göturýmis.

Teymin starfa náið með samræmingarhönnuði og borgarhönnunarteymi Reykjavíkurborgar.

Megin markmið verkefnis

- Að vinna markvisst með sérkenni götunnar í faðmi þeirra sem lifa, vinna og njóta í umhverfinu.
- Að skapa rými sem sinnir þörfum notenda og þörfum götunnar sem verslunargötu.
- Að vinna með sögu og auka upplifun rýmisins í gegnum staðarandann.
- Að í gegnum götuna sé eitthvað spennandi að gerast, eitthvað eftirtektarvert hvort sem það er leikur, listaverk, setaðstaða eða lítið leiksvæði.
- Að rýmið hvetji til jákvæðra samskipta og fjölbreyttrar notkunar.
- Að gefa götunni færi á að vera upplifunarrými allan ársins hring, rými sem hvetji til dvalar.
- Að aðgengi allra sé tryggt í götunni og tengslin milli húsanna og götunnar styrkt.
- Að vinna með gróður og grænar lausnir.
- Að vinna með yfirborðsvatn í blágrænum lausnum.

HLUTVERK

Borgarhönnunarteymi Reykjavíkurborgar

Borgarhönnun skilgreinir og afmarkar verkið. Þá er unnið með þá greiningu sem fyrir liggur úr forhönnun ásamt ítarlegri greiningu borgarhönnunar. Þá heldur borgarhönnun enn fremur utan um verkefnið. Þá mun borgarhönnun einnig sjá um að móta verklagsreglur er varða göngugötu í samstarfi við Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar.

- Skilgreining og afmörkun
- Mótun verklagsreglna um göngugötu
- Greining og rýni
- Hagsmunaaðilagreining
- Yfirsýn

Samræmingarhönnuður

Hlutverk samræmingarhönnuðar er að halda utan um heildarhönnun svæðanna og að samhengi haldist á milli þeirra níu svæða sem hóparnir fást við. Samræmingarhönnuður er þátttakandi í hugmyndavinnu hópanna og nánari útfærslu svæðanna, hans hlutverk er að:

- halda utan um teymin
- samræma yfirbragð og efnisval í götugögnum
- samræma útfærslur og mynstur götuyfirborðs (byggt á forhönnun)
- halda utan um heildarkonsept göngugötuhluta

- fylgja eftir að aðgengismálum sé fullnægt
- tryggja að jaðarsvæði, mót og tengingar á milli skrefa falli vel saman
- vinna að gróðurvali og yfirborðslausnum með teymunum
- halda utan um heildar konsept blágrænna lausna
- fylgja eftir raunhæfni tillagna
- fylgja eftir og aðstoða við hæðarútfærslur

Teymin þrjú

Í samræmi við markmið verkefnisins fá teymin frelsi til að móta konsept fyrir svæðin.. Í góðu samtali við eigendur, rekstraraðila og hinn almenna notanda móta teymin tillögu sem endurspeglar staðaranda og eykur á jákvæða upplifun notandans. Leikur með fagurfræði og skynjun notandans er lykilþáttur í vinnunni. Tenging við fortíð og framtíð ásamt því að börn geti nú hlaupið óheft í rýminu, þegar bíllinn er ekki ógn lengur, skapar einnig tækifæri fyrir leik í rýminu. Gert er ráð fyrir að svæðin þrjú sem teymin útfæra séu samliggjandi og myndi eina heild.

Samræmingarhönnuður tekur þátt í hugmyndavinnunni í hverju teymi og tryggirflæði og tengingu milli hugmyndateymanna þriggja. Gert er ráð fyrir að hóparnir hittist í ferlinu og kynni sitt konsept fyrir hver öðrum.

Teymin munu:

- Skapa konsept fyrir hvert svæði
- Mynda leikinn í götunni
- Staðsetja og útfæra götugögn og dvalarsvæði
- Eiga samtali við hagsmunaaðila
- Huga að list í rýminu
- Huga að árstíðabundinni notkun, vetur, sumar, vor og haust
- Gera ráð fyrir ýmiskonar afþreyingu og hátíðum í göturýminu
- Huga að merkingum og skiltanotkun
- Hafa skoðun á lýsingu
- Útfæra aðgengi allra

Til upplýsingar:

Valin verða þrjú teymi til samstarfs en í umsóknarferli boðar Reykjavíkurborg til viðtala. Óskað er eftir að hvert teymi samstandi af þremur einstaklingum frá mismunandi starfstéttum. Áætlaðar eru 200 vinnustundir fyrir hvert teymi.

Teymin gætu verið samsett af:

- Arkitekt
- Innanhússarkitekt
- Landslagsarkitekt
- Iðnhönnuði
- Upplifunarhönnuði
- Grafískum hönnuði
- Verkfræðingi
- Myndlistarmanni
- Mannfræðingi

Eftirfarandi upplýsingar þurfa að berast með hverri umsókn:

- Ferilskrá allra meðlima, ásamt verkefnum tengdum hönnun á almenningsrýmum. (Mega vera skólaverkefni).
- Kynningarmappa allra meðlima (Portfolio).
- Megin hugleiðingar að fyrirhugaðri nálgun viðfangsefnis.

Skilagögn teyma fyrir hvert svæði

Reiknað er með að teikningar séu kláraðar að útboðsfasa, og að svæðin verði síðan boðin út í áföngum. Útboðsgögn þ.e. verklýsingar og tilboðsskrár eru undanskilin vinnunni í þessum fasa, en teikningar skulu þó leystar þannig að lítið vanti upp á að klára gögn til útboðs.

Í samráði við samræmingarhönnuð verkefni er gert ráð fyrir að skilagögn séu:

- Mál og hæðarsettar teikningar
- Sneiðingar
- Útlitsteikningar á hönnun
- Þrívíddargrafík
- Efnisval
- Gróðurplan
- Greinargerð sem útskýrir hugmyndir ásamt niðurstöðu samráðs við hagsmunaaðila
- Annað sem er mikilvægt til útskýringar hönnunar

Mat til grundvallar á vali teyma:

- Menntun
- Fyrri reynsla
- Ferilskrá
- Fjölbreytni innan teymis
- Nálgun á viðfangsefninu

TÍMARAMMI VERKEFNIS

Skil umsókna: 11. nóvember 2020

Tilkynning um val á teymum: 23. nóvember 2020

Verkefni hefst: 7. janúar 2021

Áætluð verklok verkefnis: 1. maí 2021

Umsóknum skal skila á gongugotur@reykjavik.is í síðasta lagi 11.nóvember 2020.

Fyrir hönd skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar.

Edda Ívarsdóttir borgarhönnuður

Rebekka Guðmundsdóttir borgarhönnuður